

## Altæk persónuverndarstefna Stanley Black & Decker

SÍÐAST UPPFÆRT: 27. september 2018

**Gildissvið.** Þessi persónuverndarstefna gildir um upplýsingar sem safnað er, notaðar af og birtar af Stanley Black & Decker, Inc. og [hlutdeildarfélögum þess](#) (sameiginlega nefnt „Stanley Black & Decker“) í tengslum við upplýsingar sem við söfnum:

- gegnum þau vefsvæði okkar, undirsíður og fartækjasvæði sem við rekum og sem vísa í þessa persónuverndarstefnu („**svæðin**“),
- með hugbúnaðarforritum okkar sem hægt er að nota á eða í gegnum tölvur og fartæki („**forritin**“),
- gegnum samfélagsmiðla og forrit undir okkar umsjón og sem vísa í þessa persónuverndarstefnu (kallast einu nafni „**samfélagsmiðlasíður**“ okkar),
- gegnum tölvupóstkeyti á HTML-sniði sem við sendum þér og innihalda tengil á þessa persónuverndarstefnu,
- utan nets, til dæmis þegar þú kemur í verslanir okkar eða á sölustaði, mætir á sölusýningar eða leggur fram pöntun eða beiðni um aðstoð gegnum síma.

Svæðin, forritin, samfélagsmiðlasíður og utan nets kallast einu nafni „**þjónustan**“.

Hafðu í huga að þessi persónuverndarstefna gildir ekki um upplýsingar sem Stanley Black & Decker vinnur úr sem þjónustuveitandi fyrir hönd viðskiptafélaga eða viðskiptavina, t.d. þegar slíkur aðili veitir okkur upplýsingar um eigin viðskiptavini eða starfsmenn. Stanley Black & Decker mun vinna úr þessum upplýsingum í samræmi við fyrirmæli slíkra viðskiptafélaga eða viðskiptavina og gildandi lög.

### Þessi persónuverndarstefna svarar eftirfarandi spurningum:

1. Hvaða persónuupplýsingum safnar Stanley Black & Decker um þig? .....	2
2. Hvernig notum við persónuupplýsingarnar sem við söfnum um þig? .....	3
3. Deila Stanley Black & Decker persónuupplýsingum þínum með þriðju aðilum? .....	5
4. Hvaða öðrum upplýsingum safnar Stanley Black & Decker um þig? .....	7
5. Hvernig eru auglýsingarnar okkar birtar á öðrum vefsvæðum og tækjum og hverjir eru valkostir þínir? .....	11
6. Hverjir eru valkostir þínir varðandi notkun okkar á persónuupplýsingum þínum og birtingu þeirra?.....	11
7. Hvernig tryggir Stanley Black & Decker öryggi persónuupplýsinga þinna? .....	12
8. Hvernig getur þú fengið aðgang að, breytt eða eytt persónuupplýsingunum þínum?.....	12
9. Þjónusta þriðju aðila .....	13
10. Flutningur yfir landamæri .....	13
11. Varðveislutímabil .....	14
12. Notkun ólögráða barna á þjónustu .....	14

13. Viðkvæmar upplýsingar .....	14
14. Greiðsluþjónusta frá þriðja aðila .....	14
15. Mun þessi persónuverndarstefna breytast?.....	14
16. Hvernig getur þú haft samband við Stanley Black & Decker?.....	15

## 1. Hvaða persónuupplýsingum safnar Stanley Black & Decker um þig?

„**Persónuupplýsingar**“ eru upplýsingar sem auðkenna þig sem einstakling eða sem hægt er að rekja til ákveðins einstaklings.

Við og þjónustuveitendur okkar kunnum að sameina persónuupplýsingar þínar og safna þeim úr ýmsum áttum, þar með talið:

- **Gegnum þjónustuna**, til dæmis þegar þú skráir þig í áskrift að fréttabréfi, gegnum tölvupóst til markaðssetningar og aðrar rafrænar auglýsingar (t.d. varðandi kynningar, nýjar vörur o.s.frv.), þegar þú opnar reikning til að fá aðgang að þjónustunni (t.d. til að skrá vörur þínar eða til að óska eftir aðstoð, til að taka þátt í keppnum á okkar vegum eða til að senda inn fyrirspurnir varðandi ábyrgðir vöru), við innkaup eða gegnum samfélagsmiðla okkar.
- **Frá öðrum**. Við fáum persónuupplýsingar þínar frá öðrum, til dæmis eftirfarandi:
  - Úr opnum gagnagrunnum, svo sem LinkedIn eða skráum frá staðbundnum verslunum eða samtökum iðnaðarins (Industrial Association).
  - Frá samstarfsaðilum á markaði þegar þeir deila upplýsingum með okkur, þar á meðal: gagnagrunnum einkaaðila í markaðssetningu eða gagnagrunnum sem tengjast könnunum/fyrirspurnum.
  - Ef þú tengir samfélagsmiðlareikning þinn við þjónustureikninginn þinn deilir þú ákveðnum persónuupplýsingum af samfélagsmiðlareikningi þínum með okkur, til dæmis nafni þínu, netfangi, mynd, lista yfir tengiliði þína á samfélagsmiðlum og öðrum upplýsingum sem kunna að verða okkur aðgengilegar eða sem þú veitir okkur aðgang að þegar þú tengir samfélagsmiðlareikning þinn við þjónustureikninginn þinn, allt eftir því sem valið er í stillingum viðkomandi samfélagsmiðlareiknings; eða skoðanir þínar (t.d. efni sem þér „líkar við“) sem þú hefur birt á samfélagsmiðlum okkar.

Almennt séð söfnum við eftirfarandi gerðum persónuupplýsinga:

<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nafn þitt</li> <li>• Póstfang</li> <li>• Netfang</li> <li>• Fæðingardagur</li> <li>• Símanúmer</li> <li>• Farsímanúmer</li> <li>• Póstnúmer, ríki/hérað og land</li> <li>• Notandanafn og aðgangsorð (tengt reikningi þínum)</li> <li>• Kaup, upplýsingar um pantanir og greiðslur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lýðfræðilegar upplýsingar (t.d. fjöldi heimilismanna, búsetuland, aldur og kyn)</li> <li>• Upplýsingar sem tengjast ánægjukönnunum, beiðnum viðskiptavina eða fyrirspurnum</li> <li>• Innkaupavenjur og aðrar upplýsingar, þar með talin yfirlit yfir þær vörur sem keyptar hafa verið</li> <li>• Áhugasvið og áhugamál</li> <li>• Upplýsingar um vörur sem þú hefur áhuga á, sem þú hefur sagt að þér líki við, eða sem þú átt</li> </ul>
--	---

<ul style="list-style-type: none"> <li>• Starf</li> <li>• Þekking og reynsla í starfi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Bankaupplýsingar (t.d. fyrir sérstök tilboð eða vegna endurgreiðslu, framlengingar ábyrgðar, verðlauna eða keppni)</li> </ul>
--	--

Á tilteknum svæðum gerum við þér kleift að gefa okkur persónuupplýsingar þínar gegnum eigin samfélagsmiðlareikning, ef um er að ræða vefsvæði samfélagsmiðla („**persónulegur samfélagsmiðlareikningur**“). Þetta á við þegar þú tekur þátt í tilteknum eiginleikum á vefsvæðum okkar. Slíkar persónuupplýsingar geta meðal annars verið eftirfarandi:

<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nafn þitt og/eða gælunafn</li> <li>• Notandamynd</li> <li>• Kyn</li> <li>• Netkerfi</li> <li>• Auðkenni notanda</li> <li>• Listi yfir vini og aðrar samskiptaupplýsingar</li> <li>• Tungumál</li> <li>• Raddupptökur</li> <li>• Myndskeið og ljósmyndir</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fæðingardagur</li> <li>• Menntun</li> <li>• Atvinnusaga/starfsgrein</li> <li>• Heimilisfang</li> <li>• Áhugasvið/áhugamál</li> <li>• Efni sem þér „líkar við“ eða aðild að hópum á netinu</li> <li>• Land</li> <li>• Uppgefið álit (t.d. þegar þú gefur álit þitt á einhverri af vörum okkar)</li> </ul>
---	---

Það er líka hugsanlegt að við getum haldið áfram að safna þessum upplýsingum af samfélagsreikningum þínum ef þú endurskoðar upplýsingarnar á einhverjum tímapunkti.

Við þurfum að safna persónuupplýsingum svo að við getum veitt þér þjónustuna sem þú óskar eftir. Þú getur valið að veita okkur ekki tilteknar upplýsingar sem óskað er eftir, en þá er ekki víst að við getum veitt þér þjónustuna eða að þú getir nýtt þér ákveðna eiginleika hennar.

Ef þú veitir okkur eða þjónustuveitendum okkar hvers kyns persónuupplýsingar um aðra einstaklinga sem tengjast þjónustunni staðfestir þú að þú hafir heimild til að gera það og veita okkur leyfi til að nota þessar upplýsingar í samræmi við þessa persónuverndarstefnu.

## **2. Hvernig notum við persónuupplýsingarnar sem við söfnum um þig?**

Persónuupplýsingarnar sem við söfnum frá þér hjálpa okkur að sérsníða upplifun þína og samskipti okkar við þig, og gera okkur kleift að veita þér stöðugt betri þjónustu. Við og þjónustuveitendur okkar notum persónuupplýsingarnar sem safnað er samkvæmt ofangreindu í eftirfarandi tilgangi, þar á meðal:

- **Til að veita það sem þjónustunni er ætlað að veita og verða við beiðnum þínum, þar á meðal:**
  - Að opna og skipuleggja aðgang að skráða reikningnum þínum.
  - Að svara fyrirspurnum þínum og verða við beiðnum þínum, til dæmis þegar þú hefur samband við okkur gegnum samskiptaform á netinu eða spjalllínur.
  - Að vinna úr pöntun þinni eða öðrum færslum, þar á meðal atriðum sem lúta að ábyrgð og skráningu vöru, kröfugerðum og beiðnum, og að veita viðskiptavinum okkar þjónustu sem tengist þessum atriðum.

- Að senda þér upplýsingar vegna umsýslu, svo sem upplýsingar varðandi breytingar á ákvæðum okkar, skilmálum og stefnum.
- Að gera þér kleift að senda skilaboð til annarra einstaklinga ef þér sýnist svo.

Við munum taka þátt í þessum aðgerðum til að uppfylla samningsbundin tengsl okkar við þig, og/eða til að grípa til aðgerða að beiðni þinni áður en samningur er gerður, og/eða til að uppfylla lagaskyldu.

- **Til að veita þér aðgang að fréttabréfi okkar og/eða öðru markaðsefni og til að greiða fyrir deilingu á samfélagsmiðlum.**
  - Til að senda þér tölvupóst með auglýsingum og markaðstengdu efni, smáskilaboð og bréfpóst með upplýsingum um þjónustu okkar, nýjar vörur og öðrum fréttum tengdum fyrirtækinu.
  - Til að auðvelda deilingu á þeim samfélagsmiðlum sem þú kýst að nota.
  - Til að senda óskalista eða annan tölvupóst fyrir þína hönd.

Þetta er einungis gert með samþykki þínu.

- **Greining persónuupplýsinga fyrir skýrslugerð fyrirtækisins og til að veita sérsniðna þjónustu.**
  - Til að skilja þig betur þannig að við getum sérsniðið upplifun þína þegar þú notar þjónustu okkar og veitt þér upplýsingar og/eða tilboð sem eru sniðin að áhugasviði þínu.
  - Til að skilja betur óskir þínar svo að við getum sýnt þér efni gegnum þjónustu okkar sem við teljum vera áhugavert fyrir þig og skipta þig máli.
  - Til að greina eða spá fyrir um óskir notenda okkar í því skyni að undirbúa samanlagðar stefnuskýrslur um notkun stafræns efnis og framkvæma markaðsrannsóknir til að bæta þjónustu okkar.

Við munum veita þér sérsniðna þjónustu annaðhvort vegna þess að þú hefur samþykkt það eða vegna þess að við höfum af því lögmæta hagsmuni.

- **Til að gera þér kleift að taka þátt í getraunum, keppnum eða annars konar kynningarstarfi.**
  - Við bjóðum þér hugsanlega að taka þátt í getraunum, keppnum eða annars konar kynningarstarfi.
  - Í þessu kynningarstarfi gilda stundum viðbótarreglur þar sem finna má upplýsingar um það hvernig við notum og birtum persónuupplýsingar þínar.

Við notum þessar upplýsingar til að halda utan um samningsbundin tengsl okkar við þig.

- **Persónuupplýsingar meðhöndlaðar sem heild og/eða gerðar nafnlausar.**
  - Við kunnum hugsanlega að meðhöndla persónuupplýsingar sem heild og/eða gera þær nafnlausar þannig að þær flokkist ekki lengur sem persónuupplýsingar. Þannig búum við til önnur gögn sem við megum nota og birta í hvaða tilgangi sem er.
- **Til að ná viðskiptalegum markmiðum okkar.**
  - Sem dæmi má nefna til gagnagreiningar, í því skyni að bæta skilvirkni þjónustu okkar.
  - Við eftirlit, í því skyni að staðfesta að innri ferli okkar virki eins og ætlast er til og séu í samræmi við lög, reglur eða samningsbundnar kröfur.

- Til öryggiseftirlits og til að koma í veg fyrir svik, til dæmis til að greina og koma í veg fyrir tölvuárásir eða tilraunir til auðkennisþjófnaðar.
- Til að bæta og þróa vörur okkar og þjónustu.
- Til að bæta eða breyta núverandi vörum og þjónustu eða auka sýnileika þeirra.
- Til að greina leitni við notkun, til dæmis að skilja hvaða hlutum þjónustu okkar notendur hafa mestan áhuga á.
- Til að greiða fyrir innköllunum.
- Til að vinna úr starfsumsóknnum.
- Til að ákvarða skilvirkni kynningarherferða okkar, svo við getum lagað herferðirnar okkar að þörfum og hagsmunum notenda okkar.
- Til að starfrækja og útvíkka aðgerðir fyrirtækisins, til dæmis að skilja hvaða hlutum þjónustu okkar notendur hafa mestan áhuga á svo að við getum lagt meiri áherslu á að koma til móts við áhugasvið notenda okkar.

Við tökum þátt í þessum aðgerðum til að uppfylla samningsbundin tengsl okkar við þig, til að uppfylla lagaskyldu og/eða vegna þess að við eigum lögmætra hagsmuna að gæta.

Ef þú skráir þig á póstlistann okkar munum við hugsanlega nota þjónustu frá þriðju aðilum (til dæmis samfélagsmiðlum og öðrum vefsvæðum) til að birta þér eða öðrum auglýsingar með markvissum hætti á slíkum vettvangi, og við kunnum að gefa viðkomandi þjónustuveitu upp netfangið þitt eða aðrar upplýsingar á tættu formi í slíkum tilgangi. Til að hafna því að upplýsingarnar þínar séu notaðar í slíkum tilgangi skaltu hafa samband við okkur eins og lýst er í lið 16. Hvernig getur þú haft samband við Stanley Black & Decker? hér á eftir.

### **3. Deila Stanley Black & Decker persónuupplýsingum þínum með þriðju aðilum?**

Við kunnum að deila persónuupplýsingunum þínum með eftirfarandi aðilum:

- **Hlutdeildarfélagum okkar, í þeim tilgangi sem lýst er í þessari persónuverndarstefnu.**
  - Þú getur séð lista yfir hlutdeildarfélag okkar og staðsetningu þeirra [hér](#).
  - Stanley Black & Decker ber ábyrgð á umsjón samnýtttra persónuupplýsinga þegar um er að ræða upplýsingar sem safnað er af japönskum hlutdeildarfélagum okkar sem nýttar eru í samvinnu við Stanley Black & Decker, Inc.
- **Þriðju aðilum sem veita okkur þjónustu, þ.m.t. dreifingaraðilum og sölufulltrúum, svo að þeir geti sinnt verkefnum fyrir okkar hönd, svo sem:**
  - Að greiða fyrir kaupum, afgreiða pantanir og vinna úr greiðslum
  - Að aðstoða við viðgerðarþjónustu á vörum okkar
  - Að sjá um vöruskráningu
  - Að svara beiðnum og veita upplýsingar um vörur
  - Að veita þér aðstoð við vöruskipti og önnur verk sem falla undir þjónustu við viðskiptavini
  - Að sjá um samskipti við þig og bæta þau
  - Að bregðast við beiðnum frá fjárfestum okkar
  - Að sjá um hýsingu heimasíðu okkar, greiningu gagna, upplýsingatækni og tengda innviðarþjónustu
  - Að sjá um auglýsingar og greiningarþjónustu

- Að koma tölvupósti til skila
- Að sjá um eftirlit
- Að tilkynna þér ef þú hefur unnið keppni á okkar vegum og afhenda þér viðeigandi verðlaun
- Að framkvæma könnun eða þjónustukönnun
- Að bregðast við kvörtunum eða kröfum sem kunna að koma upp vegna vörunnar (framlenging ábyrgðar, slys, skaðabætur o.s.frv.)
- Að veita aðra þjónustu

Til að fá viðbótarupplýsingar um hvernig þriðju aðilar sem veita okkur þjónustu meðhöndla persónuupplýsingar þínar skaltu hafa samband við okkur eins og lýst er hér á eftir.

- **Með leyfishöfum okkar og sérleyfishöfum til notkunar í tengslum við markaðssetningu, dreifingu, sölu auglýsinga og viðgerðarþjónustu á vörum sem seldar eru samkvæmt leyfi frá okkur.**
- **Til viðskiptafélaga þriðja aðila, sem kunna að hafa samband við þig vegna eigin vara eða þjónustu sem gæti vakið áhuga þinn, í samræmi við val þitt.**
- **Með því að nota þjónustuna getur þú valið að birta persónuupplýsingar:**
  - Á skilaboðasvæðum, opnum spjallsvæðum, notendasíðum, bloggum, rannsóknarsvæðum og -samfélögum, í könnunum og annarri þjónustu þar sem þú getur sett inn upplýsingar og efni (þ.m.t. án takmarkana samfélagsmiðlasíður okkar). Hafðu í huga að allar upplýsingar sem þú kannt að setja inn eða birta gegnum slíka þjónustu teljast eftir það opinberar, og kunna að vera aðgengilegar öðrum notendum og almenningi.
  - Gegnum deilingar á samfélagsmiðlum. Þegar þú tengir þjónustureikninginn þinn við samfélagsmiðlareikninginn þinn deilir þú upplýsingum með vinum þínum á þeim reikningi, með öðrum notendum og með efnisveitu viðkomandi samfélagsmiðlareiknings. Með þessu heimilar þú okkur að auðvelda deilingu þessara upplýsinga, og þú skilur að notkun upplýsinga sem deilt hefur verið fellur undir persónuverndarstefnu efnisveitu viðkomandi samfélagsmiðils.

### Önnur notkun og birting persónuupplýsinga

Við notum og birtum einnig persónuupplýsingarnar þínar eins og á þarf að halda eða eins og við á, sérstaklega þegar lagaskylda eða lögmætir hagsmunir kveða á um slíkt:

- **Til að fara að gildandi lögum.**
  - Það getur falið í sér lög sem gilda annars staðar en í búsetulandi þínu.
- **Til að bregðast við beiðni frá opinberum yfirvöldum.**
  - Það getur falið í sér lög sem gilda annars staðar en í búsetulandi þínu sem og yfirvöld í öðrum löndum.
- **Til að vinna með löggæsluyfirvöldum.**
  - Til dæmis þegar við fáum beiðni eða fyrirmæli frá löggæsluyfirvaldi.
- **Af öðrum lagalegum ástæðum, þar á meðal:**
  - Til að vernda réttindi okkar, eignir eða tryggja öryggi okkar og/eða notenda okkar, þitt eða annarra.

Ef til stendur eða fram fer endurskipulagning innan Stanley Black & Decker, samruni, sala, samrekstur, framsal, flutningur eða önnur ráðstöfun, að hluta eða í heild, á rekstri okkar, eignum eða hlutabréfum (þar á meðal í tengslum við hvers kyns gjaldþrotameðferð eða álíka meðferð) höfum við lögmæta hagsmuni af því að láta af hendi eða flytja þær persónuupplýsingar sem við höfum safnað um þig að hluta eða í heild til þriðja aðila. *Slíkir þriðju aðilar geta meðal annars verið yfirtökuaðili og ráðgjafar hans.*

#### **4. Hvaða öðrum upplýsingum safnar Stanley Black & Decker um þig?**

„**Aðrar upplýsingar**“ eru hverjar þær upplýsingar sem auðkenna þig ekki sérstaklega eða tengjast ekki auðkenndum einstaklingi. Aðrar upplýsingar eru meðal annars:

- Gerð og útgáfa vafra
- Stýrikerfi
- IP-tala (nánari upplýsingar eru hér fyrir neðan)
- Netþjónustuveitan sem notuð er til að fá aðgang að þjónustu okkar
- Þeir tenglar sem notaðir voru til að nálgast þjónustu okkar og IP-talan sem komið er frá
- Vefsíður sem sóttar hafa verið og skoðaðar
- Sá tími sem notaður hefur verið fyrir þjónustu okkar
- Fyrir vefsíður og forrit í fartækjum skoðum við tæknilegar upplýsingar um tækið á borð við skjástærð, hvernig tækið styður kökur og hvernig myndir birtast
- Notkunargögn forrits
- Aðrar upplýsingar sem safnað er gegnum kökur, pixlamerki og annars konar tækni sem lýst er hér á eftir
- Lýðfræðilegar upplýsingar og aðrar upplýsingar sem þú gefur upp en er ekki hægt að nota til að auðkenna þig
- Upplýsingar sem hafa verið teknar saman þannig að þær sé ekki hægt að nota til að auðkenna þig

Tölvun þín fær sjálfkrafa úthlutað **IP-tölu** frá netþjónustu þinni. Þegar þjónustan er notuð er hægt að greina og skrá IP-tölu sjálfkrafa í annálaskráum netþjóns okkar, ásamt tímasetningu notkunar og þeim síðum sem opnaðar voru. Söfnun IP-talna er hefðbundið verklag, og fer fram sjálfkrafa gegnum ýmsar vefsíður, forrit og aðra þjónustu. Við notum IP-tölur t.d. í þeim tilgangi að reikna út notkunarstig, auðvelda greiningu á vandamálum með netþjóna, og til að stjórna þjónustunni. Við gætum einnig áætlað staðsetningu þína út frá IP-tölnunni þinni (sjá „Staðsetning“ hér á eftir).

Við kunnum að nota og birta aðrar upplýsingar í hvaða tilgangi sem er, nema þar sem gildandi lög kveða á um annað. Ef við þurfum að meðhöndla aðrar upplýsingar sem persónuupplýsingar samkvæmt gildandi lögum getum við notað og birt þær í sama tilgangi og við notum og birtum persónuupplýsingar og eins og lýst er í þessari stefnu.

Við og þjónustuveitendur okkar kunnum að safna þessum öðrum upplýsingum úr ýmsum áttum, þar með talið:

- **Gegnum vafrann þinn eða tækið:**
  - Vissum upplýsingum er safnað af flestum vöfrum eða sjálfkrafa í gegnum tækið, svo sem MAC-vistfang (Media Access Control address), tölvutegund (Windows eða Mac), skjáupplausn, heiti stýrikerfis og útgáfu, framleiðandi tækis og tegund tækis, tungumál, tegund vafra og útgáfa, og nafn og útgáfa þjónustunnar sem þú notar (t.d. forritin). Við notum þessar upplýsingar til að tryggja að þjónustan virki eðlilega.
- **Gegnum notkun þína á forritunum**

- Þegar þú sækir og notar forritin kunnum við og þjónustuveitendur okkar að rekja og safna notkunargögnum, t.d. upplýsingum um dagsetningu og tíma þegar forritið í tækinu þínu fær aðgang að netþjónum okkar og hvaða upplýsingum og skráum hefur verið hlaðið niður í forritið.
- **Staðsetningarupplýsingar**
  - Þjónusta okkar og tölvupóstsskeyti á HTML-sniði innihalda eiginleika sem gætu krafist þess að safna þurfi mismunandi tegundum af staðsetningarupplýsingum (eins og IP-tölu, GPS-hniti eða pósthúsnúmeri) sem við notum síðan fyrir þann tiltekna eiginleika sem þú hefur valið, svo sem:
    - **Hvar varan fæst og staðsetning verslana.** Sum þjónusta okkar gerir þér kleift að leita að næstu verslun sem býður upp á Stanley Black & Decker-vörur sem þig vantar, og hvort slíkar verslanir í nágrenninu hafi tiltekna vörur frá okkur á lager. Ef þú ferð á vefsvæði okkar eða notar forrit okkar gegnum farsíma og hefur virkjað staðsetningarþjónustu kann staðsetningarupplýsingum að vera safnað fyrir þessa eiginleika, t.d. með því að nota merki frá gervihnöttum, farsímamöstrum eða Wi-Fi-merki. Ef þú nálgast þessa eiginleika gegnum borðtölvu getur þú valið að heimila vafranum þínum að veita okkur staðsetningarupplýsingar þínar á grundvelli IP-tölnunnar þinnar svo að við getum brugðist við beiðni þinni, eða þú gætir verið beðin(n) um að veita okkur staðsetningarupplýsingar þínar. Sértekni staðsetningarupplýsinganna getur verið breytileg með hliðsjón af þeim vafra sem þú notar og internettengingu þinni. Stillingar farsímans kunna að heimila þér að slökkva á staðsetningarþjónustu, sem kemur í veg fyrir að vefsvæði okkar og forrit fái aðgang að nákvæmum staðsetningarupplýsingum tækisins. Við mælum með því að þú kynnir þér notendahandbók tækisins eða hjálpareiginleika til að fá nánari upplýsingar.
    - **Tölvupóstur.** Tölvupóstur okkar nýtir IP-tölu þína til að ákvarða pósthúsnúmerið þar sem þú ert staðsett(ur) þegar þú opnar tölvupóstinn. Þetta gerir okkur kleift að sérsníða efni fyrir þig, svo sem kort af nærliggjandi verslunum sem selja vörurnar okkar. Sérteki staðsetningarupplýsinganna getur verið mismunandi, og fer eftir því tæki sem tölvupósturinn er opnaður í. Tölvupóstforritið þitt kann að heimila þér að koma í veg fyrir að pixlamerkjum eða myndunum í tölvupóstinum sem þú færð frá okkur sé hlaðið niður, sem mun einnig koma í veg fyrir að þjónustuveitandi okkar fái aðgang að staðsetningarupplýsingum þínum. Þú getur líka sagt upp áskrift að tölvupósti frá okkur, eins og lýst er í **hluta 6** hér á eftir.
    - **Bluetooth®-virkar vörur og þjónusta.** Þessi hluti á við um viðbótarpersónuupplýsingar sem hægt er að safna, nota og birta í tengslum við Bluetooth®-virkar vörur okkar og tengda þjónustu (einu nafni nefnt „Bluetooth®-virkar vörur og þjónusta“). Ef þú færð aðgang að Bluetooth®-virkum vörum og þjónustu gegnum fartæki kunnum við að safna og nýta okkur staðsetningarþjónustu fartækisins og Bluetooth®-eiginleika til að skoða dagsetningu, tíma og staðsetningu fartækisins á þeim tíma sem það var síðast í Bluetooth®-sambandi við skráða Bluetooth®-virka vöru. Þetta er gert til að aðstoða þig við að finna skráða Bluetooth®-virka vöru. Við kunnum einnig að safna staðsetningarupplýsingum um skráða Bluetooth®-virka vöru í þinni eigu

sem berast okkur gegnum fartæki annarra notenda og staðsetningarupplýsingum um skráða Bluetooth®-virka vöru í eigu annarra sem berast okkur gegnum fartæki þitt. (Bluetooth® er skráð vörumerki í eigu Bluetooth SIG, Inc. og hvers kyns notkun Stanley Black & Decker á slíkum merkjum er samkvæmt leyfi). Þú getur komið í veg fyrir söfnun þessara upplýsinga með því að afturkalla aðgangsheimild þjónustunnar að Bluetooth® í tækinu þínu í gegnum stillingar tækisins. Einnig er stundum hægt að afturkalla þessa heimild þegar forritið er sett upp, en ef slíkt er gert er ekki víst að þú getir nýtt þér alla eiginleika þjónustunnar.

- Við kunnum einnig að deila staðsetningu tækisins, ásamt upplýsingum um það hvaða auglýsingar þú hefur skoðað og öðrum upplýsingum, með samstarfsaðilum okkar í markaðssetningu til að gera þeim kleift að senda þér auglýsingar sem eru meira við hæfi og að rannsaka áhrifin af auglýsingaherferðum.
- Ef þú samþykkir ekki að veita staðsetningarupplýsingar eða slekkur á staðsetningarþjónustu í fartækinu þínu munum við hugsanlega biðja þig að velja staðsetningu þína handvirkt eða slá inn póstnúmer þitt. Stillingar borðtölvunnar eða fartækisins kunna að heimila þér að slökkva á eða hindra staðsetningarþjónustu, sem kemur í veg fyrir að þjónusta okkar fái aðgang að staðsetningarupplýsingum þínum. Við mælum með því að þú kynnir þér notendahandbók tækisins eða vafrans, eða hjálpareiginleika, til að fá nánari upplýsingar. Ef þú velur að veita ekki þessar upplýsingar er ekki víst að þú fái efni sem sniðið er að staðsetningu þinni, og við og/eða samstarfsaðilar okkar getum hugsanlega ekki veitt þér sérsníðna þjónustu og efni.
- **Kökur**
  - Við og þriðju aðilar sem veita okkur þjónustu notum „kökur“. Kökur setja einkvæmt auðkenni í tæki þitt og eru yfirleitt vistaðar beint í tækinu þínu gegnum vafrann.
  - Upplýsingar sem við og þriðju aðilar sem veita þjónustu söfnum gegnum kökur, pixlamerki og álíka tækni eru meðal annars eftirfarandi:
    - Samskipti þín við þjónustuna okkar og auglýsingar
    - Hvenær þú notar þjónustuna okkar
    - Atriði og vörur sem skoðaðar eru, vörur sem þú setur í körfu, og hvort þú kaupir einhverjar eða allar af þessum vörum
    - Staðfesting þess þegar þú opnar tölvupóst frá okkur, þar á meðal hvenær þú opnar tölvupóstinn og hvort þú smellir á einhverja tengla í tölvupóstinum
    - Svæði sem þú heimsækir eftir að þú hefur heimsótt einhver af svæðunum okkar
    - Tungumálastillingar
    - Önnur umferðargögn
  - Við og þjónustuveitendur okkar notum kökur í eftirfarandi tilgangi: í öryggisskyni, til að auðvelda skoðun á síðum, til að birta markvissari upplýsingar og sérsníða upplifun þína, til að sérsníða tölvupóst sem þú færð í markaðssetningarskyni með hliðsjón af notkun þinni á þjónustunni, til að meta hverjir heimsækja síður okkar endurtekið, til að hafa yfirlit yfir vörur í körfunni þinni og til að birta sérsníðnar auglýsingar á öðrum síðum, eins og lýst er nánar hér á eftir.
  - Við söfnum einnig tölfræðilegum upplýsingum um notkun þjónustunnar til þess að bæta hönnun hennar og virkni, til að geta annast viðskipti okkar betur, til að skilja

betur hvernig þjónustan er notuð, sjá hvaða hlutar vefsvæða okkar eru mest heimsóttir eða notaðir, til að fylgjast með fjölda heimsókna á vefsvæði okkar og til að auðvelda okkur að leysa úr spurningum sem snúa að þjónustunni.

- Kökur gera okkur enn fremur kleift að velja þær auglýsingar eða tilboð sem eru líklegust til að höfða til þín og birta slíkt meðan þú notar þjónustuna og á öðrum svæðum. Við kunnum einnig að nota kökur eða aðra tækni í netauglýsingum til að fylgjast með viðbrögðum við auglýsingunum okkar og mæla skilvirkni þeirra. Nánari upplýsingar um notkun á kökum, pixlamerkjum og svipaðri tækni sem notuð er í auglýsingaskyni má finna í lið 5. Hvernig eru auglýsingarnar okkar birtar á öðrum vefsvæðum og tækjum og hverjir eru valkostir þínir?
- Ekki er víst að kerfi okkar þekki skipunina „Ekki fylgjast með mér“ í sumum eða öllum vöfrum. Ef þú vilt ekki að upplýsingum sé safnað sjálfkrafa með kökum gera flestir vafrar þér kleift að hafna kökum sjálfkrafa eða gefa þér kost á að hafna eða samþykka ákveðna köku (eða kökur) af tilteknu vefsvæði. Nánari upplýsingar má finna á síðunni <http://www.allaboutcookies.org/manage-cookies/index.html>. Ef þú samþykkir ekki kökur gætir þú fundið fyrir vissum takmörkunum við notkun þjónustunnar. Einnig er ekki öruggt að þú fái auglýsingar eða önnur tilboð frá okkur sem eru sniðin að áhuga þínum og þörfum.
- **Pixlamerki og álíka tækni**
  - Hugsanlega notum við einnig pixlamerki (einnig nefnt „vefvitlar“, „veflýs“ og „gagnsæjar GIF-myndir“) þegar þjónustan er veitt. Pixlamerki er nær ósýnileg myndeyning á vefsíðu eða í tölvupósti. Við notum þessa tækni meðal annars til að fylgjast með aðgerðum þeirra sem nota þjónustuna (þ.m.t. þeirra sem fá senda tölvupósta), meta árangur markaðsherferða okkar, sjá hvaða hlutar svæðanna okkar eru mest heimsóttir eða notaðir og safna saman tölfræðiniðurstöðum um notkun þjónustunnar og svarhlutföll.
- **Greiningarþjónusta þriðju aðila**
  - Við notum greiningarþjónustu þriðju aðila á borð við Google® Analytics, sem notar kökur og álíka tækni, bæði til að mæla umferð og notkun, og til að hjálpa okkur að skilja betur hvernig þú notar og nýtir þjónustuna. Með þessari þjónustu er upplýsingum um notkun þína á öðrum vefsvæðum, forritum og netþjónustu hugsanlega einnig safnað. [Smelltu hér](#) til að fá nánari upplýsingar um hvernig Google notar gögnin þín þegar þú notar þjónustu okkar, og ef þú vilt ekki heimila Google að nota gögnin þín skaltu sækja „Google Analytics opt-out“-vafraviðbótina sem finna má hér. <https://tools.google.com/dlpage/gaoptout>.
- **Aðrar upplýsingar af samfélagsmiðlum**
  - Við kunnum að fá þjappaðar upplýsingar og greiningar á heimsóknum gegnum þær samfélagsmiðlasíður sem við notum, svipað og lýst hefur verið hér að ofan varðandi umferð. Þetta gerir okkur kleift að skilja betur og greina aukna notkun og skoða almennar lýðfræðilegar upplýsingar um notendur á samskiptamiðlum okkar sem og virkni þeirra á þeim miðlum.
- **Notkun Adobe Flash-tækni (þ.m.t. Flash Local Shared Objects („Flash LSO“)) og önnur svipuð tækni**
  - Við notum hugsanlega Flash LSO og aðra tækni til að safna upplýsingum um notkun þína á þjónustunni og vista þær, meðal annars. Ef þú vilt ekki að Flash LSO sé vistað á tölvunni þinni getur þú breytt stillingum Flash Player þannig að Flash LSO verði ekki vistað á tölvunni með því að nota verkfærin sem hægt er að finna á svæðinu

„Geymslustingar“ (Storage Settings) á vefsvæðinu. Þú getur líka farið á svæðið „Altækar geymslustingar“ (Global Storage Settings) og fylgt leiðbeiningunum (sem geta t.d. útskýrt hvernig á að eyða Flash LSO sem þegar er til staðar (nefnist „upplýsingar“), hvernig á að koma í veg fyrir að Flash LSO sé sett á tölvuna þína í heimildarleysi og hvernig á að hindra Flash LSO sem ekki kemur frá stjórnanda þeirrar síðu sem opin er í það skiptið). Hafðu í huga að þegar þú stillir Flash Player þannig að samþykki Flash LSO sé takmörkunum háð getur það dregið úr eða truflað virkni sumra Flash-forrita.

- Auk þess notum við aðrar upplýsingar sem safnað er gegnum þessa tækni til að skilgreina og meðhöndla vandamál sem viðskiptavinir okkar upplifa hugsanlega þegar þeir nota þjónustuna.

Fyrir Evrópska efnahagssvæðið: Kynntu þér stefnu okkar um kökur á hverju vefsvæði fyrir sig til að fá nánari upplýsingar um kökur sem notaðar eru á vefsvæðum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

## **5. Hvernig eru auglýsingarnar okkar birtar á öðrum vefsvæðum og tækjum og hverjir eru valkostir þínir?**

Við gerum samning við auglýsingafyrirtæki þriðja aðila í því skyni að sérsníða netauglýsingar sem beint er til þín á öðrum vefsvæðum og í þjónustu á netinu. Þessi auglýsingafyrirtæki þriðja aðila setja, nota eða treysta á tækni, svo sem kökur og pixlamerki, til að fá upplýsingar um notkun þína á þjónustu okkar. Þessar upplýsingar, auk upplýsinga sem fyrirtækin fá gegnum aðgang þinn að og notkun þína á öðrum vefsvæðum eða í þjónustu á netinu í einhverjum tækjanna þinna, og upplýsingar sem berast frá þriðja aðila, hjálpa okkur að velja auglýsingar til að sýna þér, með hliðsjón af upplifun þinni á þjónustu okkar og öðrum svæðum sem þú heimsækir. Auglýsingafyrirtækin nota einnig þessa tækni, ásamt upplýsingum sem þau safna um netnotkun þína, til að þekkja þig í þeim tækjum sem þú notar, svo sem farsíma og fartölvu.

Upplýsingar um hvernig hafna skal þessum aðferðum sem auglýsingafyrirtæki þriðja aðila nota, hvaða afleiðingar það hefur að hafna þeim og hvernig skal hafna notkun persónuupplýsinga í vöfrum í borðtölvu og fartækjum má finna hér: <http://optout.aboutads.info/#/> og <http://optout.networkadvertising.org/#/>. Þú getur sótt forritið AppChoices á [www.aboutads.info/appchoices](http://www.aboutads.info/appchoices) til að hafna notkun persónuupplýsinga gegnum farsímaforrit.

Hafðu í huga að með því að smella á þessi vefsvæði ferð þú af svæðinu okkar yfir á annað vefsvæði þar sem þú getur tilgreint óskir þínar hvað varðar höfnun á notkun persónuupplýsinga. Þú getur líka smellt á kjörstillingatáknið sem kann að birtast í sumum auglýsingum okkar sem miðlað er með þessari tækni.

## **6. Hverjir eru valkostir þínir varðandi notkun okkar á persónuupplýsingum þínum og birtingu þeirra?**

Við bjóðum þér valkosti hvað varðar þær upplýsingar sem við söfnum og hvernig við höfum samband við þig, notum og birtum persónuupplýsingarnar þínar.

- a. **Tölvupóstur:** Þú getur hafnað því að fá tölvupóst með markaðssetningarefni með því að fylgja leiðbeiningunum í tölvupóstinum sem þú fékkst. Þótt þú hafnir þessu kann að vera að þú fái áfram tölvupóst sem ekki er sendur í markaðssetningarskyni, til dæmis vegna staðfestingar á

pöntun/sendingum, breytinga á þjónustu, skráningar á vörum, afturköllunar vara, eða vegna samskipta hvað varðar þjónustu við viðskiptavini.

b. Smáskilaboð / skilaboð á samskiptamiðlum: Þú getur hafnað því að fá textaskilaboð frá okkur (t.d. SMS, MMS) og önnur spjallskilaboð frá okkur gegnum samskiptamiðla (t.d. WhatsApp, Facebook Messenger) með því að fylgja leiðbeiningunum sem finna má í slíkum skilaboðum, ef slíkt á við, eða með því að hafa samband við okkur eins og nánar er lýst í lið 16. Hvernig getur þú haft samband við Stanley Black & Decker? hér á eftir.

d. Markaðsefni í pósti: Ef þú vilt ekki lengur fá markaðsefni frá okkur með venjulegum pósti skaltu hafa samband við okkur eins og lýst er í lið 16. Hvernig getur þú haft samband við Stanley Black & Decker? hér fyrir neðan, og láta okkur vita að þú óskir eftir að vera ekki lengur á póstlista Stanley Black & Decker. Gættu þess að taka fram pósthöfund sem þú vilt að sé tekið af listanum.

e. Kökur: Þú getur stillt vafrann þinn þannig að hann láti þig vita þegar þú færð köku, eða að hann hafni tilteknum kökum. Ákveðir þú að hafna kökum gegnum þjónustu okkar kann að vera að þú getir ekki nýtt þér alla eiginleika þjónustunnar. Nánari upplýsingar um hvernig skal hafna kökum sem nýttar eru í auglýsingum sem beinast að kauphegðun má finna í lið 5. Hvernig eru auglýsingarnar okkar birtar á öðrum vefsvæðum og tækjum og hverjir eru valkostir þínir?.

f. Deiling persónuupplýsinga þinna með hlutdeildarfélögum okkar vegna beinnar markaðssetningar þeirra: Ef þú óskar þess að við deilum persónuupplýsingum þínum ekki lengur með samstarfsaðilum okkar vegna beinnar markaðssetningar þeirra getur þú hafnað því með því að hafa samband við okkur eins og lýst er í lið 16. Hvernig getur þú haft samband við Stanley Black & Decker? hér á eftir.

Við munum reyna að uppfylla beiðni þína eins fljótt og raunhæft er. Hafðu í huga að ef þú velur að hafna tölvupósti frá okkur sem tengist markaðssetningu kunnum við þó áfram að senda þér mikilvæg skilaboð frá stjórnendum, sem ekki er hægt að hafna.

### **7. Hvernig tryggir Stanley Black & Decker öryggi persónuupplýsinga þinna?**

Við höfum innleitt raunhæfar tæknilegar, stjórnunarlegar og efnislegar ráðstafanir til að vernda persónuupplýsingarnar sem eru í okkar vörslu eða umsjá fyrir óheimilum aðgangi, notkun, breytingu og birtingu.

Ef þú notar einhverja þjónustu okkar gegnum vefverslun höfum við gert vefverslunina okkar þannig úr garði að hún taki eingöngu við pöntunum úr vörum sem leyfa samskipti með SSL-tækni (Secure Socket Layer), sem dulritar upplýsingarnar þínar á meðan þær eru sendar til okkar. Vafrar sem uppfylla ekki þessa kröfu fá ekki aðgang að netverslunarhluta þjónustunnar okkar.

Þú ættir að gera þér grein fyrir því að ekki er alltaf hægt að tryggja 100% öryggi gagnasendinga eða -geymslu. Ef þú hefur ástæðu til að ætla að samskipti þín við okkur séu ekki lengur örugg skaltu tafarlaust tilkynna okkur það í samræmi við lið 16. Hvernig getur þú haft samband við Stanley Black & Decker? hér á eftir.

### **8. Hvernig getur þú fengið aðgang að, breytt eða eytt persónuupplýsingunum þínum?**

Ef þú vilt biðja um að fá aðgang að, uppfæra, leiðrétta, leynd, takmarka eða eyða persónuupplýsingum sem þú hefur áður sent okkur, mótmæla vinnslu persónuupplýsinga eða ef þú vilt biðja um að fá rafrænt afrit af persónuupplýsingunum þínum í þeim tilgangi að senda það til annars fyrirtækis (að því marki sem

gildandi lög veita þér þennan rétt til að flytja gögn) er hægt að gera þetta með því að senda tölvupóst eða skrifa til okkar eins og lýst er í lið 16. Hvernig getur þú haft samband við Stanley Black & Decker? hér á eftir. Við svörum beiðni þinni í samræmi við gildandi lög.

Í beiðni þinni skaltu vinsamlegast koma því skýrt á framfæri hvaða persónuupplýsingum þú vilt breyta, hvort þú vilt gera persónuupplýsingarnar þínar óaðgengilegar í gagnagrunninum okkar eða láta okkur vita hvaða aðrar takmarkanir þú vilt setja á notkun okkar á persónuupplýsingunum þínum. Öryggis þíns vegna getum við eingöngu brugðist við beiðnum að því er varðar þær persónuupplýsingar sem tengjast netfanginu sem þú notar til að senda okkur beiðnina, og við kunnum að fara fram á tiltekna persónuupplýsingar í því skyni að auðkenna þann einstakling sem leitar eftir aðgangi að skráum um persónuupplýsingar sínar. Við munum reyna að uppfylla beiðni þína eins fljótt og auðið er.

Hafðu í huga að við þurfum hugsanlega að varðveita tiltekna upplýsingar í skráningarskyni, og/eða til að ljúka viðskiptum sem þú hófst áður en beiðin var um breytingar eða eyðingu (t.d. þegar þú kaupir eitthvað eða tekur þátt í kynningu getur þú hugsanlega ekki breytt eða eytt persónuupplýsingum sem þú hefur veitt fyrir en eftir að slíkum kaupum eða kynningu er lokið).

Ef þú ert búsett(ur) í Kaliforníu, undir 18 ára aldri og skráður notandi þjónustunnar geturðu beiðin okkur um að fjarlægja efni eða upplýsingar sem þú hefur sent til þjónustunnar með því að nota samskiptaupplýsingarnar sem má finna hér að neðan. Hafðu í huga að beiðnin þín tryggir ekki að allt efni eða upplýsingar séu að fullu fjarlægðar, þar sem eitthvað af efninu þínu gæti til dæmis hafa verið endurbirt af öðrum notanda.

Þú getur einnig fengið aðgang að, uppfært og leiðrétt ónákvæm atriði í tilteknum persónuupplýsingum gegnum reikninginn þinn fyrir tiltekna þjónustu.

#### **9. Þjónusta þriðju aðila**

Stanley Black & Decker leyfir ótengdum þriðju aðilum sem reka vefsvæði óháð Stanley Black & Decker að nota vörumerki sín. Þessi persónuverndarstefna **naer ekki yfir** persónuvernd, upplýsingar eða aðrar aðgerðir neinna þriðju aðila, þar á meðal þriðju aðila sem reka hvers kyns vefsvæði eða þjónustu sem tengt er á af þjónustunni, þar á meðal vefsvæði eða þjónustu þriðju aðila þar sem Stanley Black & Decker heldur úti samfélagsmiðlasíðum sínum. Þessir þriðju aðilar eru með aðskildar persónuverndarstefnur sem við mælum með að þú lesir vandlega. Það að setja tengil í þjónustuna lýsir ekki stuðningi við tengt vefsvæði eða þjónustu af okkar hálfu eða af hálfu hlutdeildarfélaganna okkar. Þar að auki berum við ekki ábyrgð á upplýsingasöfnun, notkun, birtingu eða öryggisreglum eða venjum annarra fyrirtækja, svo sem Facebook, Twitter, Google eða neinna annarra þróunaraðila forrita, útgefenda forrita, þjónustuaðila samfélagsmiðla, veitenda stýrikerfa, netþjónustuveitenda eða framleiðenda tækja, þar með talið að því er varðar hvers kyns persónuupplýsingar sem þú veitir öðrum fyrirtækjum gegnum eða í tengslum við forritin eða samfélagsmiðlasíður okkar.

#### **10. Flutningur yfir landamæri**

Persónuupplýsingarnar þínar kunna að vera vistaðar og unnið úr þeim í hverju því landi þar sem við erum með starfsstöðvar eða þar sem við nýtum okkur þjónustuveitendur, og með því að nota þjónustuna gerir þú þér ljóst að upplýsingarnar þínar verða fluttar til landa utan búsetulands þíns, þar með talið til Bandaríkjanna, þar sem reglur um gagnavernd kunna að vera aðrar en gilda í þínu landi. Við sérstakar aðstæður kunna dómstólar, löggæslustofnanir, eftirlitsstofnanir eða öryggisfyrirvöld í þessum löndum að hafa rétt á að fá aðgang að persónuupplýsingunum þínum.

Ef þú ert á Evrópska efnahagssvæðinu: Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur staðfest að sum ríkjanna utan Evrópska efnahagssvæðisins tryggja fullnægjandi gagnavernd, í samræmi við staðla Evrópska efnahagssvæðisins (heildarlisti yfir þau lönd er að finna [hér](#)). Vegna flutnings gagna frá Evrópska efnahagssvæðinu til landa þar sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins telur gagnavernd ekki fullnægjandi höfum við komið á fót fullnægjandi ráðstöfunum, svo sem föstum samningsákvæðum sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur innleitt í því skyni að vernda persónuupplýsingar um þig. Afrit af föstum samningsákvæðum er hægt að nálgast [hér](#).

### **11. Varðveislutímabil**

Við varðveitum persónuupplýsingar eins lengi og þörf krefur, eða leyfilegt er í ljósi tilgangsins fyrir öflun þeirra, og er í samræmi við gildandi lög.

Viðmiðin sem notuð eru til að ákvarða varðveislutímabilið eru m.a.:

- Sá tími sem við erum í viðvarandi tengslum við þig og veitum þér þjónustu (t.d. eins lengi og þú ert með reikning hjá okkur eða heldur áfram að nota þjónustuna).
- Hvort sem það er vegna lagaskyldu sem okkur ber að hlíta (til dæmis ef tiltekin lög krefjast þess að við höldum skrá yfir færslur þínar á tilteknu tímabili); eða
- hvort varðveisla er ráðlögð með hliðsjón af lagalegri stöðu okkar (svo sem varðandi gildandi lagaákvæði um takmarkanir, málsókn og rannsóknir tengdar reglugerðum).

Hafðu í huga að ef þú segir upp áskrift að markaðsefni frá okkur munum við áfram varðveita netfangið þitt til að tryggja að við sendum þér ekki tölvupóst í markaðssetningarskyni í framtíðinni.

### **12. Notkun ólögráða barna á þjónustu**

Þjónustan er ekki ætluð einstaklingum yngri en átján (18) ára og við söfnum ekki vísitandi persónugreinanlegum upplýsingum um börn yngri en 18 ára.

### **13. Viðkvæmar upplýsingar**

Við mælumst til þess að þú sendir okkur ekki eða veitir að öllu jöfnu engar persónuupplýsingar sem teljast viðkvæmar (t.d. kennitölu, upplýsingar um þjóðerni eða kynþátt, stjórnámálaskoðanir, trúarskoðanir eða aðrar skoðanir, heilsu, líftölfræðilegar upplýsingar eða erfðafræðilega eiginleika, sakaferil eða aðild að stéttarfélögum) gegnum þjónustuna eða með öðrum hætti. Ef þú velur að senda slíkar upplýsingar til okkar eða færð beiðni frá okkur um að gera það, í því skyni að rannsaka kvörtun eða ágreining sem varðar þjónustuna, munum við safna og vinna með slíkar upplýsingar í samræmi við gildandi lög.

### **14. Greiðsluþjónusta frá þriðja aðila**

Við munum hugsanlega nota greiðsluþjónustu þriðja aðila í því skyni að vinna úr greiðslum sem þú framkvæmir gegnum þjónustuna. Ef þú vilt framkvæma slíka greiðslu er hugsanlegt að þriðji aðili, en ekki við, muni safna persónuupplýsingum um þig, og slík söfnun verður því í samræmi við persónuverndarstefnu þess þriðja aðila, fremur en þessa persónuverndarstefnu. Við höfum ekki stjórn á, og teljumst ekki bera ábyrgð á, söfnun, notkun og birtingu persónuupplýsinga af hálfu þriðja aðila.

### **15. Mun þessi persónuverndarstefna breytast?**

Við munum hugsanlega gera breytingar á þessari persónuverndarstefnu endrum og sinnum og biðjum þig því að lesa hana yfir reglulega. Við munum uppfæra gildandi dagsetningu persónuverndarstefnunnar hverju sinni um leið og breyting hefur verð gerð. Notkun þín á þjónustunni eftir þessar breytingar jafngildir samþykki þínu á endurskoðuðu persónuverndarstefnunni.

#### **16. Hvernig getur þú haft samband við Stanley Black & Decker?**

Ef þú ert með spurningar eða hefur áhyggjur af einhverju sem varðar persónuverndarstefnu okkar skaltu senda þetta [eyðublað](#) til ábyrgðaraðila persónuverndarstefnu (Privacy Policy Manager). Ef þú vilt hafa samband við ábyrgðaraðila persónuverndarstefnu með bréfpósti skaltu nota eftirfarandi pósthfang:

Stanley Black & Decker, Inc.  
1000 Stanley Drive  
New Britain, CT 06053  
Viðt.: Ábyrgðaraðili persónuverndarstefnu

Sendu spurningar eða beiðnir til okkar með tölvupósti eða bréfpósti, ásamt upplýsingum um þau vörumerki og þjónustu SBD sem beiðnin varðar.

Þar sem tölvupóstskilaboð eru ekki alltaf örugg skaltu ekki veita neinar upplýsingar um kortanúmer eða aðrar viðkvæmar upplýsingar í tölvupósti til okkar.

#### **Viðbótarupplýsingar fyrir Evrópska efnahagssvæðið**

Á Evrópska efnahagssvæðinu getur þú einnig:

- Haft samband við þann gagnaverndarfulltrúa sem er ábyrgur fyrir þitt land eða svæði, ef við á. Lista yfir gagnaverndarfulltrúa er að finna [hér](#).
- Lagt fram kvörtun við gagnaverndaryfirvald í þínu landi eða á þínu svæði, eða á því svæði þar sem meint brot á gildandi gagnaverndarlögum átti sér stað. Lista yfir EES-gagnaverndaryfirvöld er að finna [hér](#).

Í gildi frá og með: \_\_\_\_\_